

Tillaga A 1966/UVU
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu A 1966/UVU um gerð sameiginlegra byggingartæknireglugerða og -krafna til að draga úr kostnaði og efla samkeppni

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim til-
mælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að vinna að gerð sameiginlegra byggingartæknireglugerða og -krafna til að draga úr kostnaði og efla samkeppni.
- að Flokkahópur hægrimanna leggur til að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum
- að hefji vinnu að því að kortleggja regluverk og reglugerðir norrænu landanna og greina og minnka mun milli þeirra Markmiðið er að skapa sem best samstarf og samþættingu milli faggreina á Norðurlöndum, sem er nokkuð sem getur aukið sveigjanleika á vinnumarkaði og skapað tækifæri til að hraða á uppbyggingu húsnæðis.

Bakgrunnur

Norðurlöndin standa að mestu leyti frammi fyrir sömu áskorunum að því er varðar þær tækniröfur sem eiga að gilda um húsnæði. Þessar áskoranir felast í loftslagsmálum, stöðu orkumála og þeirri fagþekkingu sem við búum yfir.

Samtímis þurfum við sveigjanleika á vinnumarkaði til að starfsfólk geti unnið þvert á norræn landamæri án þess að þurfa að tileinka sér þekkingu á regluverki og kröfum sem oft snúast aðeins um smáatriði. Eitt af forgangsattriðum Norðurlandaráðs er að fá ungt fólk inn á vinnumarkaðinn. Enn fremur hefur verið unnið hart að því að afnema stjórnsýsluhindranir. Ólíkar reglur eru „stjórnsýsluhindrun“ fyrir frjálst flæði vinnuafls milli landa og ókostur fyrir notkun vinnuafls þvert á norræn landamæri.

Unnið er að samræmingu regluverks á mörgum sviðum og það starf er mikilvægt fyrir öflug og sjálfbær Norðurlönd. Um leið þurfum við að tryggja að slík samræming leiði ekki alltaf til þess að ströngustu kröfurnar verði notaðar sem grundvöllur, þar sem slíkt leiðir til aukins kostnaðar og þá myndi norrænt samstarf leiða til verra samkeppnishæfis Norðurlanda.

Í Noregi var unnið að einföldun laga um skipulags- og byggingamál á síðasta kjörtímabili. Á meðal þess sem gripið var til var að færri úrræði urðu umsóknarskyld. Með því var



dregið úr greiðslu byggingargjalda og sveitarfélög þurfa ekki lengur að nýta sér úrræði fyrir minni byggingarverkefni.

Einnig voru byggingartæknilegar reglur einfaldaðar. Halda þarf þessari vinnu áfram og samræma hana milli norrænu landanna.

Enn fremur eru möguleikar fólgnir í því að einfalda umbreytingu bygginga sem fyrir eru, þar á meðal tækifæri til að umbreyta heilum byggingum eða hluta bygginga í eigu sveitarfélaga og ríkisins í íbúðarhúsnæði og húsnæðisþróunarverkefni. Þar á meðal eru iðnaðarsvæði, bílastæði og önnur svæði með takmarkaðri notkun sem má endurskilgreina sem íbúabyggð. Einföldun laga um skipulags- og byggingamála og byggingartæknilegra reglna verður einnig að ná til þessa til að nýta megi innviði, byggingar og aðstöðu sem nú þegar eru til staðar, þar á meðal í hringrásarferlum.

Í Noregi hefur einnig verið fjárfest í stafrænni væðingu málsmeðferða. Með þjónustunni Fellestjenester BYGG á Altinn-verkvanginum hefur stjórnslusvið byggingargæða komið á alstafrænu umsóknarferli fyrir byggingarmál. Nú eru ýmsar stafrænar umsóknarlausnir í boði á markaðnum. Með verkefninu eByggeSak getur Kommune-Norge notað ný stafræn fagkerfi fyrir meðferð byggingarmála. Þetta hefur gert meðferð umsókna skilvirkari og staðlaðri og stuðlað að auknu jafnrétti við meðferð þeirra, sem getur sparað bæði atvinnulífi og sveitarfélögum tíma og peninga.

Áður hafa verið gerðar athuganir á samræmingu norræns regluverks og skýrslur gerðar sem sýna hvar ávinningurinn getur verið mestur:

Í STUTTU MÁLI ER MEGINMUNURINN MILLI NORRÆNNA BYGGINGARREGLUGERÐA FÓLGINN Í EFTIRFARANDI:

- Í Noregi skiptast byggingartæknilegar kröfur og meðferð byggingarmála í tvær reglugerðir, TEK17 og SAK10. Í öðrum norrænum löndum eru byggingartæknilegar kröfur og reglur um meðferð byggingarmála að finna í einni reglugerð.
- Í Danmörku og á Íslandi er mælt fyrir um byggingarreglur í afmörkuðum byggingarlögum en í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi er mælt fyrir um þau í lögum um skipulags- og byggingarmál.
- Hlutfall krafna um virkni og nothæfi er mismunandi milli norrænu landanna. Í Danmörku og Svíþjóð eru ríkari kröfur gerðar um virkni. Hlutfallið er nokkuð lægra í Noregi en í Finnlandi eru hlutfall virknikrafna mun lægra.
- Í fyrri skýrslum hefur komið fram að munur milli reglna á Norðurlöndum sé óþarfur eða órökréttur á eftirfarandi sviðum:
 - aðgengi og algild hönnun,
 - inniloft og heilsa,
 - eldvarnaröryggi og
 - stöðurafmagn og öryggi í byggingarframkvæmdum.



Í ljósi þessa er þess óskað að Norræna ráðherranefndin skoði möguleika á aukinni samræmingu til að tryggja samkeppnishæfi og sjálfbærni Norðurlanda með færni og þekkingu á vinnumarkaði sem getur nýst þvert á landamæri.

Sjónarmið nefndarinnar

Ólíkar byggingarreglugerðir og mismunandi mannvirkjakröfur landanna gera fyrirtækjum sem starfa í einu landi erfitt fyrir að færa sig yfir landamærin. Þetta hefur neikvæð áhrif á samkeppni og er hindrun fyrir þróun sameiginlegs norræns heimamarkaðs.

Ólíkar byggingareglugerðir landanna hafa ýmis vandamál í för með sér, svo sem að því er varðar pípulagnir, raflagnir, aðgengi, bruna- og hávaðavarnir og flokkun og vottun þessa.

Til dæmis er mismunandi eftir löndunum á hvaða stigum reglur og kröfur eru settar auk þess sem tilmæli, ráð og leiðbeiningar um staðla eru mismunandi og hafa mismunandi lagastöðu milli landana.

Þessi mismunur milli landanna gerir minni fyrirtækjum og smáhúsaframleiðendum erfitt að aðlaga framleiðslu sína að öllum þessum ólíkum kröfum og stöðlum.

Leysa má mörg vandamál á evrópskum vettvangi en einnig eru mikil tækifæri fyrir norrænu löndin til að vera í fararbroddi og setja sér sameiginlegar reglur.

Þetta á sérstaklega við þegar nýjar byggingarreglur eru samdar. Aukin samræming myndi skapa stærri markað fyrir alla frumkvöðla á Norðurlöndum og til langs tíma lækka verð til neytenda.

Aukið samstarf og samræming að því er varðar reglur og þróun á nýjum sviðum, svo sem reglur um loftlagsvottun bygginga, mat á hringrásarhagkerfi í byggingariðnaði og stafræna væðingu sem tæki til að samræma byggingarreglur, getur stuðlað að aukinni samkeppni og þar með lækkað byggingarkostnað.

Í ljósi þessa styður norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin tillögu flokkahóps hægri-manna um að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að taka upp samnorrænar byggingartæknireglugerðir með kröfum sem ætlað er að draga úr kostnaði og efla samkeppni og að þeim tilmælum verði beint til ríkisstjórnanna að hefja vinnu við að kortleggja regluverk og reglugerðir norrænu landanna til að greina mun innan byggingariðnaðar í þeim tilgangi að draga úr honum og skapa forsendur fyrir aukinn sveigjanleika á vinnumarkaði og tækifæri til að hraða á uppbyggingu húsnæðis.



Þórshöfn hinn 8. apríl 2024

Stein Erik Lauvås (A)

Gunilla Carlsson (S)

Jani Kokko (sd)

Kim Aas (S)

Per-Arne Håkansson (S)

Lars-Christian Brask (LA)

Mikael Lindholm (ÅC)

Sandra Listerby (Lib)

Hanna Räsänen (C)

Lars Püss (M)

Liv Kari Eskeland (H)

Lulu Ranne (saf)

Vilhelm Junnila (saf)

Erling Eidesgaard (T)

Gisle Meininger Saudland (FrP)